

Sviðsmyndir fyrir stefnumörkun um búsetumynstur og dreifingu byggðar í landsskipulagsstefnu 2013-2024

Formáli

Vinna við gerð landsskipulagsstefnu stendur nú yfir og liður í því ferli er mótun sviðsmynda til framtíðar vegna stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Þessar sviðsmyndir byggja á þeim gögnum sem nú liggja fyrir í ferlinu og afrakstri stefnumótunarvinnu innan Skipulagsstofnunar. Byggt er á samantekt samráðsfundar 3. febrúar 2012 og þeim forsendur sem dregnar hafa verið saman í drögum að greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála og yfirliti yfir áætlanir á landsvísu sem varða landnotkun.

Stíllt er upp þremur ólíkum sviðsmyndum sem er ætlað að draga fram helstu valkosti sem eru fyrir hendi hvað varðar stefnu um þróun byggðar. Um er að ræða ólíkar sviðsmyndir með tilliti til þess að hvað miklu leyti ætti að stýra þróun búsetumynsturs með það að markmiði að styrkja núverandi þéttbýli og þetta byggð. Undirliggjandi er sjálfbær þróun, en þættir eins og verndun, landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands eru einnig teknir inn í þessar sviðsmyndir. Land er takmörkuð auðlind, og eftirspurn eftir því fer vaxandi. Þar koma þættir eins og endurheimt votlendi, matvælaöryggi og ræktun lífræns eldsneytis. Auk þess er aukin eftirspurn eftir landi fyrir byggð.

Leitast er við að bera saman þessar ólíku sviðsmyndir með það að markmiði að lýsa og bera saman raunhæfa kosti og skerpa framtíðarsýn. Umræða um þessar sviðsmyndir er einnig innlegg í umhverfismat landsskipulagsstefnu. Þessar sviðsmyndir eru því hugsaðar sem grunnur að mótun landsskipulagsstefnu fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar og við útfærslu stefnunnar mun verða stuðst við þau efnisatriði sem þar koma fram. Mikilvægt er að hafa í huga að einstakar sviðsmyndir verða ekki lagðar til grundvallar í heild sinni og líklegt má telja að sú framtíðarsýn sem verður ofan á innihaldi efnisþætti úr fleiri en einni sviðsmynd.

Við umfjöllun um þessar þrjár sviðsmyndir eru lögð til grundvallar nokkur lykil hugtök sem hér eru útskýrð. Hugtökin *búsetumynstur*, *grunnkerfi* og *frístundabyggð* eru skilgreind í drögum að skipulagsreglugerð og hér er stuðst við þá skilgreiningu. Hugtakið *búgarðabyggð* hefur hins vegar ekki verið skilgreint í lögum og reglugerðum, en hér stuðst við vinnuskilgreiningu Skipulagsstofnunar.

Búgarðabyggð: Stórar íbúðahúsalóðir í skipulögðum svæðum eða hverfum utan skilgreinds þéttbýlis, oft á bilinu 1 – 10 ha að stærð, þar sem rúmar heimildir eru til uppbyggingar svo sem vegna húsdýrahalds.

Búsetumynstur: Dreifing og þéttleiki byggðar og búsetu, í þéttbýli og dreifbýli.

Grunnkerfi: Samgöngur og veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipti og fráveita.

Frístundabyggð: Svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa saman í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu.

1. Óbreytt þróun dreifingar byggðar

Samgöngur, veitukerfi, nærþjónusta og vinnusókn

Sviðsmynd til framtíðar þar sem gert er ráð fyrir að uppbygging verði jöfnum höndum á nýjum svæðum í dreifbýli og innan núverandi þéttbýlis. Lítil stjórnun er á dreifingu byggðar og vaxandi fjarlægðir eru milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Hin dreifða búseta viðheldur og eftir atvikum eykur á ferðaþörf og kallar á notkun einkabíla, en lítil áhersla er á sjálfbærar samgöngur.

Grunnkerfi byggðar stækkar samfara uppbyggingu á nýjum svæðum en leitast er við að tryggja að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu.

Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands

Jörðum er í auknum mæli skipt upp í smærri einingar og ræktanlegt land fer úr landbúnaðarnotum. Sýnilegar breytingar eru á ásýnd lands vegna búgarða- og frístundabyggðar. Verðmætt landbúnaðarland fer í vaxandi mæli undir byggð og skil milli dreifbýlis og þéttbýlis eru óljós á einstökum svæðum landsins.

Uppbygging og verndun

Byggð er í auknum mæli reist á verðmætu landbúnaðarsvæði og í einstaka tilfellum á svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi.

2. Stýrð þróun byggðar með svæðisbundnum áherslum

Samgöngur, veitukerfi, nærþjónusta og vinnusókn

Sviðsmynd til framtíðar sem gerir ráð fyrir að uppbygging byggðar fari fyrst og fremst fram innan núverandi þéttbýlis, en það eru fá valin svæði þar sem búseta án tengsla við búskap er heimil. Við skipulag byggðar er leitast við að þétta byggð og stuðla að því að stytta vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Stuðlað er að sjálfbærum samgöngum og dregið úr ferðapörf og akstri einkabíla, m.a. með því að færa þjónustuna nær íbúunum. Grunnkerfi núverandi byggðar er styrkt og tryggt að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu.

Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands

Skýr skil eru að jafnaði á milli dreifbýlis og þéttbýlis og áhersla er lögð á varðveislu landslagsheilda og yfirbragðs landbúnaðarsvæða. Uppbygging frístundabyggðar er á skilgreindum og afmörkuðum svæðum. Dregið er úr uppskiptingu lands, verðmætu og samfelldu landbúnaðarlandi er viðhaldið með tilliti til fæðuöryggis og varðveislu landgæða.

Uppbygging og verndun

Byggð er að jafnaði ekki reist á verðmætu landbúnaðarsvæðum og svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi.

3. Stýrð þróun og þétting byggðar

Samgöngur, veitukerfi, nærþjónusta og vinnusókn

Sviðsmynd til framtíðar sem gerir ráð fyrir að uppbygging byggðar fari fram innan núverandi þéttbýlis. Óheimilt er að stofna til búsetu í dreifbýlinu án tengsla við búskap. Við skipulag byggðar er leitast við að þétta byggð og stuðla að því að stytta vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu. Stuðlað er að sjálfbærum samgöngum og dregið úr ferðaþörf og akstri einkabíla, m.a. með því að færa þjónustuna nær íbúunum og blanda byggð. Grunnkerfi núverandi byggðar er styrkt og tryggt að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu.

Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands

Skýr skil eru á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Uppbygging frístundabyggðar er eingöngu á skilgreindum og afmörkuðum svæðum og reistar eru skorður við að frístundabyggð breytist í íbúðarbyggð. Hömlur eru lagðar á uppskiptingu jarða og verðmætu og samfelldu landbúnaðarlandi er viðhaldið með tilliti til fæðuöryggis og varðveislu landgæða. Varðveisla landslagsheilda og yfirbragðs landbúnaðarlandslags er viðmið við framkvæmdir í dreifbýli, svo sem við mannvirkjagerð, landgræðsla og skógrækt.

Uppbygging og verndun

Byggð er ekki reist á verðmætum landbúnaðarsvæðum og svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi.